



Ritunarramminn

Handbók um notkun

Katrín Ósk Þráinsdóttir
Guðbjörg Rut Þórisdóttir



Miðstöð menntunar
og skólaláðjónustu

EFNISYFIRLIT

Formáli	3
Inngangur	4
Hvað er Ritunarramminn?	5
Framvindurammar og þrep	7
þrep Ritunarrammans	9
Dæmi um framsetningu á þrepi fyrir kennara	10
Dæmi um framsetningu á þrepi fyrir sjálfsmat eða jafningjamat	11
Notkun Ritunarrammans.	12
Undirbúningur	13
Mat og kennsla	13
Endurgjöf	14
Sjálfsmat og jafningjamat	14
Notkun rammans til lokamats.	14
Efnispættir Ritunarrammans.	15
Uppbygging texta.	16
Einkenni textategunda	21
Sögugerð	22
Fræðitextar	25
Rökfærslutextar.	28
Málnotkun	31
Skráning	39
Niðurlag	46
Heimildaskrá	47

Ritunarramminn: Handbók um notkun

ISBN 978-9979-0-2985-4

© 2025 Katrín Ósk Þráinsdóttir og Guðbjörg Rut Þórisdóttir

Yfirlstur og ráðgjöf: Elín Lilja Jónasdóttir og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2025

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Hönnun og umbrot: Miðstöð menntunar og skólaþjónustu

Formáli

Ritunarramminn er matsrammi sem er ætlað að styðja kennara í ritunarkennslu en í þessari handbók má finna allar upplýsingar um rammann og notkun hans. Höfundar handbókarinnar höfðu umsjón með gerð rammans. Baldur Sigurðsson, prófessor emeritus, og Rannveig Oddsdóttir, lektor við HA, lásu yfir og veittu góða leiðsögn. Jafnframt veittu Auðun Valborgarson, Inga Úlfisdóttir og Sigurgrímur Skúlason, próffræðingar hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, ráðgjöf við gerð rammans. Elín Lilja Jónasdóttir og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir lásu handbókina yfir og veittu góð ráð. 86 grunnskólakennarar tóku þátt í forprófun *Ritunarrammans* yfir heilt skólaár, söfnuðu ritunarsýnishornum frá nemendum og veittu ómetanlega endurgjöf. Dagný Pétursdóttir og Hrund Elíasdóttir meistaranemar unnu sumarlangt að greiningu og flokkun á ritunarsýnishornum nemenda ásamt því að skoða og skrá efnistöðir í ritunarkennslu í útgefnu námsefni hjá Menntamálastofnun. Erna Ingibjörg Pálsdóttir og Hildur Karlsdóttir grunnskólakennari sáu um endurgjöf og yfirllestur á rammanum.

Megi allt þetta fólk hafa bestu þakkir fyrir sitt framlag.

Katrín Ósk Bráinsdóttir og Guðbjörg R. Þórisdóttir

Inngangur


Góð ritunarfærni er hverju barni mikilvægt veganesti út í lífið og því skiptir miklu máli að kennsla og nám í ritun fái gott svigrúm alla skólagöngu þess. *Ritunarramminn* er matsrammi sem getur veitt kennurum góða leiðsögn varðandi ritunarkennslu og hvernig ritunarfærnin þróast. Með notkun rammans fæst heildarsýn yfir grunnþætti hennar, þætti sem þarf að kenna og þjálf á hverju stigi allan grunnskólann. Hlutverk rammans er einnig að aðstoða kennara við að meta stöðu nemenda og að hjálpa nemendum að fylgjast með eigin framförum. *Ritunarramminn* er hluti af Matsferli og eitt af þeim verkfærum sem getur nýst í daglegu starfi skóla.

Við gerð *Ritunarrammans* var víða leitað fanga. Erlendar aðalnámskrár, námsefni og námsmat í ritun, voru skoðaðar en með rýninni fékkst góð yfirsýn yfir þætti sem mikilvægt er að séu hluti af góðri ritunarkennslu (ACARA, 2010; The CCSS Initiative, 2010; Education Northwest, 2021; NTNU-Skrivesenteret, 2017, Sedita, 2024 og Wilson, 2015). Við gerð rammans voru þeir þættir dregnir fram sem oftast komu fyrir í erlendu mati og taldir skila nemendum góðri og alhliða ritunarhæfni. Val og framsetning á meginefnisþáttum og undirflokkunum fékkst svo staðfest með ritunarreipi Joan Sedita (2023) sem er góð lýsing eða líkan sem endurspeglar vel þá þætti sem góð ritunarhæfni felur í sér.

Í þessari handbók með *Ritunarrammanum* er gerð grein fyrir hugmyndafræði og notkun hans. Í henni má finna lýsingar á meginmatsþáttum rammans og undirflokkum ásamt upplýsingum um notkun í kennslu og við mat undir formerkjum leiðsagnarnáms. Þrátt fyrir að handbókin innihaldi efni sem snýr að kennslufræði ritunar geymir hún engar aðferðir eða verkefni til ritunarkennslu. Slíkt má finna í útgefnu námsefni og á Læsisvef Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu.

Hvað er Ritunarramminn?

Ritunarramminn er matsrammi sem varðar leið í ritunarkennslu og námi frá upphafi til loka grunnskólagöngu. Ramminn er settur fram í anda leiðsagnarnáms. Megineinkenni leiðsagnarnáms er til dæmis tíð endurgjöf til nemandans um frammistöðu. Það gerir nemendum kleift að nýta sér upplýsingar meðan á lærdómsferlinu stendur og hjálpar kennurum að aðlaga kennslu sína jafnóðum að þörfum nemenda. Skrefin í átt að góðri ritunarhæfni eru mörg, allt frá því að læra að draga til stafs og til þess að geta skrifað fjölbreytta texta í margvíslegum tilgangi. Mikilvægt er að fanga þau atriði sem teljast til góðrar ritunarhæfni og æskilegs stíganda í ritunarkennslu og námi.



Meginefnisþættir rammans eru fjórir; uppbygging texta, einkenni textategunda, málnotkun og skráning. Hver þáttur er auðkenndur með sínum lit. Fyrstu þrír efnisþættir rammans snúa að textagerðinni sjálfri en sá síðasti að tæknilegri hlið ritunar; stafsetningu, skrift og ritvinnslu. Þessir þættir eru oft nefndir *verkfæri ritunar* þar sem þeir eiga að þjóna textagerðinni sjálfri en eru ekki meginviðfangsefni ritunarkennslunnar.

Ritunarramminn er útfærður frá þremur algengum textategundum sem nemendur fást að jafnaði við á grunnskólagöngu sinni, það er sögu-gerð, fræðitextum og rökfærslutextum. Þessar textategundir hafa allar sín séreinkenni og ekki er gert ráð fyrir að rammanum sé beitt við mat á annars konar textum. Ramminn getur engu að síður gefið kennurum hugmyndir um það hvernig nálgast má mat á annars konar texta.

Ritunarramminn samanstendur af þremur gerðum af matsrömmum:

- Framvindurömmum, þar sem gerð er grein fyrir inntaki og stíganda í meginefnisþáttum rammans.
- Aldursbundnum þrepum þar sem viðmiðin úr öllum framvindurömmum eru útfærð í anda leiðsagnarnáms fyrir kennara.
- Nemendamiðaðri útfærslu á þrepunum til sjálfsmats eða jafningjamats.

Framvindurammar og þrep

Mikilvægt er að hafa góða yfirsýn og skilning á inntaki efnispáttanna sem liggja til grundvallar *Ritunarrammanum*. Til að auðvelda kennurum að átta sig á nauðsynlegum stíganda í hæfni nemenda og hvað hver efnispáttur felur í sér voru svokallaðir framvindurammar útbúnir fyrir hvern þátt rammans. Framvindurammar nýtast til dæmis vel við skipulagningu ritunarkennslu en þeir eru ekki matstækið sjálft heldur þrepin sem fjallað er um í næsta kafla.

Dæmi um framvinduramma

UPPBÝGGING TEXTA						
Undirþættir	Þrep 1 1.-2. bekkur	Þrep 2 2.-3. bekkur	Þrep 3 3.-4. bekkur	Þrep 4 5.-6. bekkur	Þrep 5 7.-8. bekkur	Þrep 6 9.-10. bekkur
Lengd texta	Texti inniheldur fjórar málsgreinar eða fleiri.	Texti inniheldur sjö málsgreinar eða fleiri.	Texti inniheldur tíu málsgreinar eða fleiri.	Texti inniheldur 15 málsgreinar eða fleiri.	Texti inniheldur 20 málsgreinar eða fleiri.	Texti inniheldur 25 málsgreinar eða fleiri.
Efnisgreinar			Texta er skipt upp í efnisgreinar.	Texta er skipt upp í efnisgreinar eftir efni eða hugsun.	Góður þráður er innan hvenar efnisgreinar.	Góður þráður er innan hvenar efnisgreinar og á milli efnisgreina.
Málsgreinar		Upphaf málsgreina er fjölbreytt.	Upphaf og lengd málsgreina er fjölbreytt.		Fjölbreyttar málsgreinar (upphaf, orðaröð og lengd) eru notaðar eins og hæfir efni texta.	
Flæði texta	Am.k. tvö mismunandi tengiorð eru notuð.	Am.k. þrjú mismunandi tengiorð eru notuð.	Am.k. fjögur mismunandi tengiorð eru notuð.	Am.k. fimm mismunandi tengiorð eru notuð.	Mismunandi tengiorð, sex eða fleiri, eru notuð.	
Greinarmerkjasetning	Málsgreinar eru afmarkaðar með stórum staf og punkti.	Upphröpunamerki og spurningamerki eru rétt notuð.	Greinarmerkjasetning við ritun beinnar ræðu er rétt.		Kommur eru notaðar í samræmi við reglur.	Greinarmerki eru notuð í samræmi við reglur.

Ritunarrammanum er skipt í sex þrep sem ná yfir alla árganga grunn-skólans. Á myndinni Dæmi um framvinduramma má sjá að fyrsta þrep nær yfir 1. og 2. bekk og á þrepum tvö og þrjú er einnig gert ráð fyrir skörun. Ástæðan fyrir sköruninni í fyrstu þremur þrepunum er sú að nemendur eru misfljótir af stað í læsisnámi sínu. Þessi getumunur jafnast svo út þegar nemendur hafa náð tókum á undirstöðuatriðunum og við taka atriði sem eru flóknari og nemendur eru lengur að ná tókum á. Það skýrir hvers vegna efri þrepin ná yfir tvo árganga en skarast ekki.

Á myndinni má einnig má sjá hvernig efnispátturinn „uppbygging texta“ er brotinn niður í undirþætti sem síðan eru útfærðir í matsviðmið. Matsviðmiðin geta ýmist náð yfir eitt þrep eða fleiri en það ræðst af því hversu flókið viðfangsefnið er talið og hvenær gera má ráð fyrir að nemendur séu færir um að ná tiltekinni færni eða hæfni.

Matsviðmið Ritunarrammans eru nokkuð sértækari og ítarlegri en hæfniviðmið aðalnámskrár. Matsviðmiðin má einnig nota sem námsmarkmið við gerð kennsluáætlaða og skólanámskrár. Þannig brúa þau bilið á milli nokkuð almennra ákvæða aðalnámskrár og hagnýtrar framkvæmdar ritunarkenndu og varða leið nemenda í átt að sífellt meiri ritunarhæfni með skýrum hætti. Orðalag viðmiðanna í framvindurömmunum endurspeglar færni eða hæfni sem hefur verið að fullu náð.

Þrep Ritunarrammans

Þrep *Ritunarrammans* eru notuð fyrir mat á ritun. Þrepin eru sex fyrir hverja textategund. Gert er ráð fyrir því að allir nemendur komist á 6. þrep á grunnskólagöngu sinni. Í þrepum rammans eru efnisþættirnir brotnir niður á aldursbundin þrep sem gefa til kynna þá hæfni sem nemendur á ákveðnu aldursbili þurfa að tileinka sér. Þessi þrep eru ætluð til leiðsagnar í kennslu og námi og eiga að varða leið ritunarnáms nemenda allt til loka grunnskólagöngunnar.

Þrepin eru sett upp sem greinandi þriggja stiga matskvarðar. Í greinandi matskvörðum er nákvæm lýsing á gæðum viðfangsefnisins. Greinandi matskvarðar auðvelda nemendum að skilja hvað er mikilvægt í náminu, hvað einkennir vel unnið verkefni og gerir þeim kleift að yfirfæra þau einkenni frá einu verkefni til annars. Þannig geta kvarðanir veitt kennurum, nemendum og foreldrum ítarlegar upplýsingar um frammistöðu nemenda, bæði styrk- og veikleika sem og æskileg næstu skref í kennslu.

Stigin þrjú eru sett upp undir heitinum *Þarfnast þjálfunar*, *Á góðri leið* og *Viðmiði náð*. Mismunandi er milli matsviðmiða hversu lík eða ólík viðmiðin eru við fyrstu sýn og kunna þau jafnvel að virðast eins. Því er gott að horfa vel eftir áherslu- og atviksorðum sem greina á milli matsviðmiðanna eða hvort verið sé að nota og eða eða. Eftirfarandi tafla

sýnir notkun áherslu- og ákvæðisorða í viðmiðunum til að greina á milli þrepa og stiga.

ÁHERSLU- OG ÁKVÆÐISORÐ Í ÞREPARÖMMUM		
ÞARFNAST ÞJÁLFUNAR	Á GÓÐRI LEIÐ	VIÐMIÐI NÁÐ
aldrei engin ekki fáar eða engar sjaldan eða ekki sjaldan eða aldrei sjaldan að litlu leyti stundum	stundum nokkrar að mestu leyti yfirleitt ... eða ...	... og ...

Dæmi um framsetningu á prepi fyrir kennara

Á myndunum hér til hliðar er dæmi um þrep í söguritun, hvernig þrepidd skiptist í efnisþættina fjóra, undirþætti og matsviðmið sem ýmist eru skilgreind þröngt eða vítt. Það er óhjákvæmilegt þar sem sum færni er einföld og hlutbundnari en önnur flóknari og huglægari. Þannig getur verið einfalt að skilgreina viðmið fyrir lengd texta en viðmið um hvað telst gott málfar er nokkuð víðara og þarf að taka mið af aldri og mögulega bakgrunni nemenda.

RITUNARRAMMINN

Sögugerð: Prep 3 (3.-4. bekkur)

UPPBYGGING TEXTA			
	Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Lengd texta	1 Texti inniheldur sex eða færni málsgreinar.	Texti inniheldur gjö til níu málsgreinar.	Texti inniheldur tíu málsgreinar eða fleiri.
Efnisgreinar	2 Texta er ekki skipt upp í efnisgreinar.	Upphaf eða lengd málsgreina er fjölbreytt.	Texta er skipt upp í efnisgreinar.
Málsgreinar	3 Upphaf og lengd málsgreina er einhæf.	Tvö til þrjú mismunandi tengiorð eru notuð.	Upphaf og lengd málsgreina er fjölbreytt.
Tengiorð	4 Eitt tengiorð er notað.	Greinarmerkjasetning við ritun beinir ræðu er yfirleitt rétt.	Amk. fjögur mismunandi tengiorð eru notuð.
Greinarmerki	5 Greinarmerkjasetning við ritun beinir ræðu er sjáðnast rétt eða ekki notuð.		Greinarmerkjasetning við ritun beinir ræðu er rétt.
Athugasemdir			

UPPBYGGING TEXTATEGUNDAR			
	Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Heiti	6 Heiti vantar á söguna.	Sagan hefur heiti sem er almenns eðlis og hefur tengið að láni.	Sagan hefur heiti sem tengist mæginferni hennar.
Kynning	7 Einhver sögupersóna eða hlutverk hennar er nefnt.	Helstu sögupersónur eða hlutverk þeirra eru nefnd.	Helstu sögupersónur eru kynntar.
Flaskja	8 Söguvið kemur ekki fram.	Atburðarás er merkanleg.	Söguvið kemur fram.
Lausn	9 Engin atburðarás er merkanleg.	Atburðarás er skýr.	Atburðarás er skýr.
Athugasemdir	10 Lausn vantar á atburðarás.		Atburðarás felur í sér lausn.

MATSFERILL

RITUNARRAMMINN

MÁLNOTKUN

	Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Málfar	11 Málfar er í alákara lagi og að nokkru leyti í samræmi við reglur málfræðinnar.	Málfar er yfirleitt gott og að mestu leyti í samræmi við reglur málfræðinnar.	Málfar er gott og í samræmi við reglur málfræðinnar.
Viðfangsefni, tilgangur og viðtakandi	12 Málanið tekur að litu leyti mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda.	Málanið tekur að mestu leyti mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda.	Málanið tekur mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda.
	13 Nauðsynlegar upplýsingar skortir til að viðtakandi geti fylgt eftir söguþræði og efni texta.	Nauðsynlegar upplýsingar eru yfirleitt veittar til að viðtakandi geti fylgt eftir söguþræði og efni texta.	Nauðsynlegar upplýsingar eru veittar til að viðtakandi geti fylgt eftir söguþræði og efni texta.
	14 Skortur er á samræmi í notkun sjónarhorns innan frásagnar.	Samræmi í notkun sjónarhorns innan frásagnar er yfirleitt til staðar.	Samræmi er í notkun sjónarhorns innan frásagnar.
	15 Notkun tíðar í frásögn er að einhverju leyti rökrétt.	Notkun tíðar í frásögn er að mestu leyti rökrétt.	Notkun tíðar í frásögn er rökrétt.
Orðaval	16 Orðaval er fjölbreytt sem felur meðal annars í sér skort á notkun lýsingarorða og lýsandi samheita sagnorða og nafnorða.	Orðaval er nokkuð fjölbreytt sem felur meðal annars í sér notkun lýsingarorða og lýsandi samheita sagnorða og nafnorða.	Orðaval er fjölbreytt sem felur meðal annars í sér notkun lýsingarorða og lýsandi samheita sagnorða og nafnorða.
Athugasemdir			

SKRÁNING			
	Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Stafsetning	17 Orð, þar sem framburður og ritháttur fara ekki saman, eru yfirleitt rituð rétt þar sem stuðst er við einfaldar rithefðir.	Orð, þar sem framburður og ritháttur fara ekki saman, eru yfirleitt rituð rétt þar sem stuðst er við einfaldar rithefðir.	Orð, þar sem framburður og ritháttur fara ekki saman, eru rituð rétt þar sem stuðst er við einfaldar rithefðir.
Skrift	18 Skrift er stundum læsileg þannig að merking texta kemst stundum til skila.	Skrift er yfirleitt læsileg þannig að merking texta kemst yfirleitt til skila.	Skrift er læsileg þannig að merking texta kemst til skila.
Athugasemdir			

MATSFERILL

Sjálfsmat í ritun

Fræðitexti 3. þrep

Nafrn:

Dagsetning:

	já	nei
UPPBYGGING	Ég skrifaði 10 málsgreinar eða fleiri.	
	Ég byrjaði málsgreinar á ólíkan hátt og hafði þær mislangar.	
	Ég skipti textanum upp í efnisgreinar.	
TEXTAÆGUN	Ég setti lýsandi fyrirsögn á textann minn.	
	Í textanum mínum eru góðar upplýsingar um viðfangsefnið.	
MÁLGRUN	Ég notaði orð sem lýsa staðreyndum en ekki skoðun.	
	Ég passaði stafsetninguna og notaði þær reglur sem ég hef lært.	
SKRÁNING	Ég vandaði skriftina.	

Matsferill

Ritunarrámminn

Dagsetning:

	þarfnast þjálfunar	á góðri leið	viðmiði náð
er eða fleiri.			
g mismunandi greinum.			
ni við reglur.			
s í inngangi.			
er heimildir.			
tanum rétt.			
saman tur.			
ldist			
lutlaus			
r			
i.			
c.			

Matsferill

Dæmi um framsetningu á þrepi fyrir sjálfsmat eða jafningjamat

Í útfærslu á þrepunum sem ætluð eru nemendum er orðalagið einfaldara og viðmiðin færri þar sem erfitt getur verið fyrir nemendur að meta sum þeirra. Í fyrstu þremur þrepunum er matið sjálft einfaldara eða með tveggja stiga kvarða (já eða nei) því ungir nemendur eru síður tilbúnir að vinna fleiri en eitt uppkast að ritverki en þeir eldri. Þessi útfærsla er þó aðeins tillaga og getur nýst kennurum til að útbúa eigið mat fyrir nemendur sína. Þá geta þeir bæði valið fjölda viðmiða sem á að meta hverju sinni og hvort kvarðinn sé tveggja eða þriggja stiga.

Notkun Ritunarrammans

Kennari og nemendur þurfa að hafa sameiginlegan skilning á markmiðum náms og matsviðmiða og hvað er til marks um að tiltekinni hæfni sé náð. Í leiðsagnarnámi er lögð áhersla á að notkun á niðurstöðum námsmats og ígrundun stöðu út frá viðmiðum sé í raun mikilvægari en niðurstöður sjálfs námsmatsins. Þannig verða niðurstöðurnar vegvísir sem beina námi nemenda fram á við; gefa hugmyndir að næstu skrefum í kennslu og hvaða markmið nemendur ættu að setja sér til aukins árangurs (Nanna K. Christiansen, 2021). Tilgangurinn með náminu verður jafnframt augljósari og nemandi færari um að axla ábyrgð á því sjálfur. Þessi nálgun er í samræmi við áherslur aðalnámskrár en þar er lögð áhersla á að nemendur fái reglulega tækifæri til að velta eigin námi fyrir sér, setja sér markmið og vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í námsmati (Mennta- og barnamálaráðuneyti, 2024).

Undirbúningur

Í öllum tilvikum og óháð aldri nemenda er mikilvægt að kennarar kynni sér framvinduramma vel til að átta sig á stígandanum sem þarf að verða í færni innan hvers efnisþáttar *Ritunarrammans*. Þannig er hægt að fylgjast með því hvað nemandinn á að vera búinn að tileinka sér og hvert er stefnt.

Mikilvægt er að kennarar kynni sér einnig vel alla undirþætti ritunar og átti sig á stígandanum sem þarf að eiga sér stað upp allan grunn-skólann. Umfjöllun um þessa þætti má finna í þessari handbók. Til að fá grófa yfirsýn er fljótlegt að skoða framvinduramma allra efnisþátta rammans. Þannig geta kennarar séð hvað nemendur eiga að vera búnir að tileinka sér og hvert ætti að stefna.

Mat og kennsla

Næsta skref, til dæmis þegar kennari tekur við nýjum nemendahópi, er að leggja fyrir nemendur „kalt mat“. Það er óundirbúið ritunarverkefni sem nemendur leysa samkvæmt lágmarksfyrirmælum og án kennslu og stuðnings frá kennara. Niðurstöður geta gefið kennurum góða hugmynd um stöðu nemenda og hvað þarf að leggja áherslu á í ritunarkennslu.

Þessu næst velur kennarinn þrep út frá aldri nemenda og textategund, leggur mat á frammistöðu þeirra og gerir athugasemdir, t.d. þegar endurgjöf er veitt og við skipulagningu áframhaldandi kennslu. Ef nemandi uppfyllir engin eða fá matsviðmið fyrir aldur sinn þarf að meta hann samkvæmt þrepinu á undan. Ef nemandi nær langflestum eða öllum viðmiðum innan þrepsins þarf að meta hann samkvæmt næsta þrepi fyrir ofan. Eðlilegt getur verið að meta þurfi nemendur í sama bekk á að minnsta kosti tveimur ólíkum þrepum þar sem mikill munur getur verið á frammistöðu þeirra, sérstaklega nemenda sem eru að stíga sín fyrstu skref í lestrar- og ritunarnámi. Þar sem ramminn er ekki staðlað matstæki eru ekki sett nein töluleg viðmið um það hvenær á að meta nemendur samkvæmt þrepi fyrir neðan eða ofan heldur meta kennarar það sjálfir.

Þegar kennari hefur metið alla nemendur sína er hann kominn með haldgóðan grunn sem ætti að nota til að ákveða næstu áherslur og skref í ritunarkennslunni. Þar sem matsviðmið þrepanna eru nokkuð mörg getur verið gott að gefa sér tíma til að vinna með nokkur matsviðmið þar til nemendur hafa náð góðum tókum á þessum viðmiðum. Það getur kennarinn metið með því að veita nemendum reglulega endurgjöf, hvernig þeim tekst til út frá stökum matsviðmiðum eða öllum matsviðmiðum eins undirþáttar. Sú rýni leiðir í ljós hvort nemendur hafa náð tókum á færni og hversu tilbúnir þeir eru að glíma við næstu áskorun í ritunarnáminu.

Endurgjöf

Mikilvægt er að nýta námsmatið á þann hátt að nemendur geri sér grein fyrir styrk- og veikleikum sínum. Reynslan sýnir að nemendur vilja fá endurgjöf á vinnu sína. Vel skilgreind matsviðmið gefa kennurum gott tækifæri til að veita endurgjöf sem tekur mið af þeirri færni sem nemandinn þarf að ná tökum á svo hann komist nær námsmarkmiði sínu. Því styttri tími sem líður á milli vinnu nemenda og endurgjafar því áhrifameiri verður hún. Það á til dæmis við um munnlega endurgjöf. Sé endurgjöf skrifleg og umfangsmeiri þurfa nemendur tíma og svigrúm til að vinna úr henni. Gagnlegasta endurgjöfin er sú sem tryggir nemendum nægilegan skilning á eðli hæfninnar þannig að þeir geti yfirfært hana á næstu verkefni.

Sjálfsmat og jafningjamat

Tilgangur sjálfsmats er að nemendur læri að meta eigin styrkleika, að þeir geri sér grein fyrir því hvað þeir þurfa að læra betur og að þeir setji sér markmið í náminu. Við sjálfsmat þurfa nemendur að fá upplýsingar um þau námsmarkmið og árangursviðmið sem vinna á eftir. Þær upplýsingar er að finna í þrepunum sem eru útfærð fyrir nemendur. Hafa þarf í huga að viðmiðin er fjölmörg á hverju þrepi og getur kennari farið

þá leið að leggja áherslu á einn efnispátt í einu eða nokkur atriði, allt eftir áherslum í kennslu hverju sinni.

Í jafningjamati meta nemendur framlag, frammistöðu eða verk annarra nemenda og veita þeim endurgjöf. Þeir skoða þekkingu, skilning eða færni með það að markmiði að gera betur og skiptast á skoðunum. Rétt eins og við sjálfsmat þurfa námsmarkmið og árangursviðmið að vera skýr. Nemendur þurfa að fá góða þjálfun til að geta lagt sanngjarnt mat á frammistöðu félaga og til að geta nýtt sér mat félaga á eigin námi.

Notkun rammans til lokamats

Megintilgangur leiðsagnarnáms er að nýta matsviðmið til ígrundunar á stöðu á meðan nemandi er staddur í miðju vinnuferlinu. Einnig má nota þrep *Ritunarrammans* til að meta nemendur í lok vinnulotu, annar eða skólaárs. Lokamat gefur til kynna kunnáttu eða árangur nemenda við lok afmarkaðs viðfangsefnis eða námsáfangs. Það hefur þann megintilgang að veita upplýsingar um árangur náms og kennslu í lok námstíma. Með öðrum orðum felst lokamat í því að kanna stöðu og framfarir sem hafa átt sér stað, mögulega yfir lengri tíma eða frá einum tímapunkti til annars.

Efnispættir Ritunarrammans

Í þessum kafla er umfjöllun um hvern efnispátt *Ritunarrammans*; uppbyggingu texta, textategundir, málnotkun og skráningu. Framvindurammarnir koma að góðum notum en í þeim má sjá hver þróunin er innan hvers undirþáttar og hvaða kröfur um færni nemenda eru gerðar á hverju þrepi fyrir sig. Á Læsisvef MMS er svo að finna aðferðir og önnur gögn sem kennarar geta notað til undirbúnings fyrir kennslu og þjálfun ritunar.

Uppbygging texta

Uppbygging texta fer eftir textategund. Nokkrir þættir eru þó sameiginlegir öllum textategundum. Matsviðmiðin undir þessum þætti *Ritunarrammans* snúa að lengd texta, efnisgreinum, málsgreinum, flæði og greinarmerkjasetningu. Talsverður stigandi er í þessum þáttum eftir því sem þroski nemenda eykst og þeir þjálfast í ritun.

Framvindurammi fyrir uppbyggingu texta

UPPBYGGING TEXTA						
Undirþættir	Þrep 1 1.–2. bekkur	Þrep 2 2.–3. bekkur	Þrep 3 3.–4. bekkur	Þrep 4 5.–6. bekkur	Þrep 5 7.–8. bekkur	Þrep 6 9.–10. bekkur
Lengd texta	Texti inniheldur fjórar málsgreinar eða fleiri.	Texti inniheldur sjö málsgreinar eða fleiri.	Texti inniheldur tíu málsgreinar eða fleiri.	Texti inniheldur 15 málsgreinar eða fleiri.	Texti inniheldur 20 málsgreinar eða fleiri.	Texti inniheldur 25 málsgreinar eða fleiri.
Efnisgreinar			Texta er skipt upp í efnisgreinar.	Texta er skipt upp í efnisgreinar eftir efni eða hugsun.	Góður þráður er innan hvernar efnisgreinar.	Góður þráður er innan hvernar efnisgreinar og á milli efnisgreina.
Málsgreinar		Upphaf málsgreina er fjölbreytt.	Upphaf og lengd málsgreina er fjölbreytt.		Fjölbreyttar málsgreinar (upphaf, orðaröð og lengd) eru notaðar eins og hæfir efni texta.	
Flæði texta	A.m.k. tvö mismunandi tengiorð eru notuð.	A.m.k. þrjú mismunandi tengiorð eru notuð.	A.m.k. fjögur mismunandi tengiorð eru notuð.	A.m.k. fimm mismunandi tengiorð eru notuð.	Mismunandi tengiorð, sex eða fleiri, eru notuð.	
Greinarmerkjasetning	Málsgreinar eru afmarkaðar með stórum staf og punkti.	Upphrópunarmerki og spurningarmerki eru rétt notuð.	Greinarmerkjasetning við ritun beinnar ræðu er rétt.		Kommur eru notaðar í samræmi við reglur.	Greinarmerki eru notuð í samræmi við reglur.

Lengd texta

Innihald texta helst í hendur við lengd og eðlilegt að textar nemenda lengist eftir því sem þeir ná auknum þroska. Ekki er þó nóg að bíða eftir að nemendur þroskist og textarnir verði lengri og betri án kennslu og þjálfunar heldur þarf að þjálfna nemendur í að skrifa lengri texta. Lengdin ein og sér segir ekki allt um gæðin þar sem langur texti getur verið samhengislaus og innihaldið rýrt. Stuttir textar nemenda bera þess gjarnan merki að þeir ráða ekki við að byggja upp flókinn, samhangandi texta (Rannveig Oddsdóttir o. fl. 2013). Ákveðin viðmið eru því sett um lengd texta. Það er gert til að hafa mælanlegan stíganda. Gert er ráð fyrir að við lok grunnskóla geti nemendur ritað 25 málsgreinar að lágmarki um afmarkað viðfangsefni.

Efnisgreinar

Efnisgreinar afmarka ákveðna einingu eða hugmynd í texta sem auðveldar lesandanum að fylgja hugsun höfundar. Í efnisgrein er svigrúm til að kynna eina hugmynd eða eitt atriði viðfangsefnis og fylgja henni eftir. Miðað er við að nemendur á miðstigi hafi öðlast færni til að skipta texta í efnisgreinar á viðeigandi hátt.

Í upphafi hverrar efnisgreinar er efni hennar kynnt með almennri staðhæfingu sem kölluð er lykilsetning (stundum líka kölluð kjarnasetning). Málsgreinarnar sem fylgja lykilsetningu tengjast allar viðfangsefni

hennar á einn eða annan hátt. Jafnframt þarf að huga að tengslum á milli efnisgreina og því á lykilsetning ekki aðeins að kynna efni efnisgreinarinnar heldur þarf hún jafnframt að tengja það við efni næstu efnisgreinar á undan. Við þetta er átt í viðmiðum matsrammans þegar talað er um góðan þráð innan efnisgreina og á milli efnisgreina.

Efnisgreinar eru mislangar og fer lengdin eftir hversu miklum upplýsingum höfundur vill koma á framfæri um hverja einingu eða hugmynd. Efnisgreinar eru aðeins metnar þegar um fræði- eða rökfærslutexta er að ræða þar sem gjarnan er notast við annars konar framsetningu á texta í sögugerð.

Málsgreinar

Málsgreinar gegna mikilvægu hlutverki þegar koma þarf hugsun í orð, gefa til kynna röð atburða, orsakasamhengi og tengsl hluta og hugmynda. Eftir því sem vitsmuna- og málþroski barna eykst geta þau sett saman lengri málsgreinar með þróaðri setningagerð og skrifað flóknari texta. Stuttar málsgreinar slíta hins vegar textann í smáeiningar og flæði hans verður síðra. Eins verður texti sem allur er skrifaður með stuttum málsgreinum óþjáll aflestrar. Á hinn bóginn getur texti með löngum málsgreinum verið klúðurslegur og innihaldið í ósamræmi, enda vandasamt að skrifa langar málsgreinar. Eðlilegt er að samfelldir textar innihaldi mislangar málsgreinar. Því er lögð áhersla á fjölbreytt

upphaf málsgreina og mismunandi orðaröð í setningum í matsviðmiðunum. Þessa þætti þarf að kenna nemendum markvisst.


Flæði texta

Með flæði texta er átt við að einingar í orðræðu (málsgreinar, efnisgreinar) tengist hver annarri svo úr verði heild. Hægt er að velja úr fjölda tengiorða til að líma textaeiningar saman þannig að góð heild myndist og rennsli textans verði gott. Tengiorð gegna því mikilvægu hlutverki í textaritun og fela til dæmis í sér að málsgreinar lengjast og verða innihaldsríkari auk þess sem flæði texta verður betra (Þórunn Blöndal, 2017).

Tengiorð eru margs konar en samtengingar eru algengastar. Aðaltengingar eru einfaldar tengingar, til dæmis *og* og *en*, sem tengja saman tvær aðalsetningar. Aukatengingar eru fjölbreyttari og merkingarlega flóknari tengingar sem auk þess að sinna sama hlutverki og aðaltengingar fela í sér tímaframvindu, orsakasamhengi o.fl. Auk aðal- og aukatenginga er algengt að tíðaratviksorð, svo sem *svo*, *síðan* og *þá*, og fornöfn séu notuð sem tengingar og þá gjarnan til að vísa fram og aftur í texta.

Notkun fleiri og fjölbreyttari tengiorða eykst samhliða auknum málþroska og auknum kröfum í námi. Þá viku notkun aðaltenginga fyrir flóknari og nákvæmari tengiorðum. Textategundir hafa mismunandi

tilgang og að sama skapi eru mismunandi tengingar notaðar í þeim. Í frásögn skiptir tímaframvinda miklu máli og tíðartengingar gegna þar stóru hlutverki. Á hinn bóginn fela fræði- og rökfærslutextar gjarnan í sér tengsl hluta eða lýsingu á orsakasamhengi og því eru afleiðinga-, orsaka- og skilyrðistengingar gjarnan notaðar í slíkum textum. Að þessu sögðu er vert að leggja áherslu á að kenna þarf notkun tengiorða í ritun markvisst og gefa nemendum tækifæri til að þjálfa færnina (Rannveig Oddsdóttir o.fl., 2013).



Greinarmerkjasetning

Greinarmerkjasetning er samofin ritun málsgreina og því er hún flokkuð hér undir uppbyggingu texta. Meginhlutverk greinarmerkja er að auðvelda nákvæmni við lestur, tryggja gott flæði og stýra lestri texta svo rétt merking komist til skila. Við ritun texta er ekki hægt að reiða sig á raddblæ, líkamstjáningu eða svipbrigði en þess í stað má nýta greinarmerki til að skipa orðum í setningar, hendingar og málsgreinar og til að líkja eftir hljómfalli talmálsins. Þannig hefur komma ígildi hiks þegar um upptalningu er að ræða og punkturinn gefur til kynna að fullri hugsun sé komið til skila og gera eigi stutt hlé á lestri áður en haldið er áfram. Að sama skapi gefur setningaskipan, sem afmörkuð er með tengiorðum eða kommu, til kynna innbyrðis tengsl hugmynda en spurningarmerki gefur til kynna að um spurningu sé að ræða og að textinn lesist sem slíkur. Þannig er notkun greinarmerkja viðleitni til að brúa bilið milli höfundar og viðtakanda og auka líkur á að rétt og nákvæm merking texta komist til skila.

Nokkuð flókið er að setja inn viðmið um kennslu og þjálfun í notkun greinarmerkja þar sem texti nemenda getur kallað á flóknari greinarmerkjasetningu en viðmiðin kveða á um. Það getur t.d. reynst nauðsynlegt að kenna nemanda á þrepi tvö að nota rétta greinarmerkjasetningu við ritun beinnar ræðu eða kommu við upptalningu því textinn krefst þess. Athugun á ritunarsýnishornum ungra nemenda sýnir að

nemendur verða snemma meðvitaðir um fyrirbærin og ekkert því til fyrirstöðu að leggja þessi atriði snemma inn ef skrif þeirra krefjast þess.

Í *Ritunarrámanum* er lögð áhersla á að í skrifum sínum læri nemendur að nota lykilgreinarmerki eins og punkt, spurningarmerki, upphrópunarmerki og ritun beinnar ræðu og helstu reglur um notkun kommu. Reglur um kommu eru þónokkrar og tengjast m.a. setningagerð en víða í námsefni í íslensku fyrir grunnskólastigið er að finna góðar upplýsingar um rétta kommu (sjá t.d. hjá Svanhildi Kr. Sverrisdóttur, 2018, bls. 63).

Einkenni textategunda

Annar efnisþáttur *Ritunarrammans* eru einkenni textategunda. Sem virkur þátttakandi í samfélagi þarf hver einstaklingur að hafa vald á rit-uðu máli og tök á að miðla efni til annarra. Við skrifum til að segja frá raunverulegum eða skálduðum atburðum, til að miðla upplýsingum, gefa leiðbeiningar og uppfræða, svo fátt eitt sé nefnt.

Hægt er að greina flesta ef ekki alla texta í *bókmenntatexta*, *upplýsingatexta* eða *rökfærslutexta*. Vissulega er hægt að finna texta sem getur tilheyrt fleiri en einni textategund og eru auglýsingar gott dæmi um slíkt en þær gætu flokkast bæði sem upplýsingatexti og rökfærslutexti. Upplýsingatextar, rökfærslutextar og bókmenntatextar eiga sér síðan marga undirflokka. Á skýringarmyndinni um meginflokka texta eru skilgreiningar og dæmi um nokkra undirflokka.

Hluti af því að læra ritun felur í sér að læra um hefðir sem gilda við ritun hvernar textategundar og að ná færni í að byggja upp texta samkvæmt þeim. Vert er að leggja áherslu á að góð kennsla einnar textategundar yfirfærist ekki nema að hluta til yfir á aðrar. Þess vegna er ekki nóg að kenna nemendum að skrifa sögur og gera ráð fyrir að þar með geti þeir líka skrifað góðan upplýsinga- og rökfærslutexta. Þjálfar þarf nemendur í ritun hvernar textategundar fyrir sig.

TEXTATEGUNDIR		
BÓKMENNTATEXTAR Textar sem segja sögu. Megintilgangurinn er að skemmta eða vekja önnur hughrif.	UPPLÝSINGATEXTAR Textar sem innihalda fróðleik. Megintilgangurinn er að veita upplýsingar.	RÖKFÆRSLUTEXTAR Textar þar sem megintilgangurinn er að setja fram sjónarmið og sannfæra aðra.
SÖGUR LJÓÐ LEIKRIT	FRÆÐITEXTAR ÚTSKÝRINGAR LEIÐBEININGAR	RÖKFÆRSLUTEXTI RÝNI AUGLÝSINGAR

Í *Ritunarrammanum* er fengist við mat á þremur undirflokkum textategunda, það er *sögugerð*, ritun *fræðitexta* og *rökfærslutexta*. Eins og sjá má á skýringarmyndinni um textategundir er um undirflokk hvernar textategundar að ræða. Þessar tegundir eru valdar vegna þess að þær eru byggðar á samfelldum texta sem verður lengri eftir því sem hæfni nemenda eykst.

Sögugerð

Saga er skálduð frásögn þar sem einhver atburðarás á sér stað. Lengd sagna getur verið allt frá einni blaðsíðu, eða jafnvel aðeins hluti af blaðsíðu, yfir í mörg hundruð síður. Þegar grunnskólanemendur fást við sögugerð er oftast horft til smásagnaformsins þar sem sögusvið er yfirleitt þröngt, atburðarásin einföld og sögutíminn takmarkaður.

Framvindurammi fyrir sögugerð

SÖGUGERÐ						
Undirþættir	Þrep 1 1.–2. bekkur	Þrep 2 2.–3. bekkur	Þrep 3 3.–4. bekkur	Þrep 4 5.–6. bekkur	Þrep 5 7.–8. bekkur	Þrep 6 9.–10. bekkur
Heiti	Sagan hefur heiti.	Sagan hefur heiti sem tengist meginefni hennar.		Sagan hefur heiti sem tengist meginefni hennar og tilraun er gerð til að vekja áhuga lesenda.		
Kynning	Helstu sögupersónur eða hlutverk þeirra eru nefnd.	Helstu sögupersónur eru kynntar.		Helstu sögupersónum er lýst.	Persónulýsingar á aðalpersónum eru ýtarlegar eða þær lýsa sér sjálfar með athöfnum eða orðum.	
		Sögusvið kemur fram.		Sögusvið og sögutími kemur fram.	Sögusviði er lýst og sögutími kemur fram.	
Flækja	Atburðarás er merkjanleg.	Atburðarás er skýr.		Upphafsatburður leiðir af sér viðbrögð hjá sögupersónum og ris sögu er greinilegt.		
Lausn		Atburðarás felur í sér lausn.		Lausn flækju er greinileg eða atburðarás er viljandi án endis og lesendur eru skildir eftir með ákveðnar vangaveltur.		

Heiti

Heiti sögu er það fyrsta sem lesandi sér og heitið eða fyrirsögnin getur haft mest um það að segja hvort lesandinn heldur lestrinum áfram. Þess vegna þarf heitið að vera grípandi og áhugavert og jafnframt að gefa hugmynd um efni sögunnar.

Nafn aðalsögupersóna sem heiti, eða hluti af heiti, er dæmi um hvernig vísbending er gefin um efni sögunnar. Jafnvel er bætt við orði sem lýsir persónunni eða sagt frá hvar eða hvenær sagan gerist. Dæmi um þetta eru *Jóli og Jóla*, *Bangsi litli í skóginum* og *Stúfur fer í sumarfrí*. Önnur leið sem gjarnan er farin er að hafa heitið einfaldlega gagnsætt þannig að umfjöllunarefni sögunnar sé lesanda nokkuð ljóst. Dæmi um þetta eru söguheiti eins og *Mömmuskipti*, *Ráðgátan um skuggann skelfilega* og *Lára fer á jólaball*.

Margar leiðir eru færar til að vekja áhuga lesanda. Nefna má tvíræðni, notkun líkinga, stuðla, orðatiltæki eða annað sem talið er að viðtakendur taki eftir, hafi gaman af eða jafnvel hrökkvi í kút yfir. Dæmi um áhuga-verða titla eru *Hjartastopp*, *Fingur stormsins*, *Hættuför í huldubýggð*, *Hraðskák við páfann*, *Uppvakningasótt*, *Uppskrift að klikkun* og *Banvæn snjókorn*.

Kynning

Í upphafi sögu eru persónur kynntar og upplýsingar gefnar um hvar og hvenær sagan gerist. Þetta má gera með margvíslegum hætti. Kynningin er ekki alltaf formleg heldur getur höfundur líka komið upplýsingum um persónur og staðhætti til skila í gegnum lýsingu á upphafsatburði. Í sögugerð hjá styttra komnum er þessi kynning oft sett fram sem staðhæfing, ef hún á annað borð kemur fram, en hjá lengra komnum fléttast kynningin gjarnan inn í frásögnina.

Persónusköpun er einn mikilvægasti þátturinn í sögugerð. Sögupersónur eru annaðhvort aðalpersónur eða aukapersónur og þeim getur bæði verið lýst beint og óbeint. Þegar um beinar persónulýsingar er að ræða er persónunum lýst nákvæmlega, sagt hvernig þær líta út, t.d. hæð þeirra, aldur, hára- og augnlitur, holdafar og klæðnaður, jafnvel innræti, framkoma og hegðun. Þegar um óbeinar persónulýsingar er að ræða lýsa persónurnar sér sjálfar eða lesandanum er látið eftir að draga upp mynd í huga sér og mynda sér skoðun á þeim út frá hegðun, tali og jafnvel viðbrögðum annarra í sögunni við persónunum (Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, 2011, bls. 61).

Sögusvið felur annars vegar í sér ytri tíma sögu og hins vegar umhverfið þar sem sagan gerist. Sagan gerist á tilteknum tíma, s.s. eftir ártali, árstíð eða dagsetningum. Umhverfið gefur lesanda hins vegar upplýsingar um hvar sagan gerist og getur verið veraldlegt eða félagslegt umhverfi.

Húsnæði, landslag, veðurfar, lifnaðarhættir og aðrar ytri aðstæður eru dæmi um veraldlegt umhverfi en staða persóna í samfélaginu, s.s. fjárhagsleg eða trúarleg, eru dæmi um félagslegt umhverfi. Hvoru tveggja getur átt sér stað í raunveruleikanum eða verið tilbúið umhverfi sem höfundur skapar. Ytri tími og umhverfi sögu eru ekki endilega færð beint í orð heldur getur lesandi þurft að leita að vísbendingum til að átta sig á hvenær og hvar sagan gerist.

Flækja og lausn

Flækjan, stundum nefnd *atburðarás* eða *söguþráður*, er stærsti hluti hefðbundinnar skáldsögu. Í flækjunni stigmagnast atburðarásin og hún nær síðan hámarki í *risi* sögunnar. Byrjendur í ritun hafa ekki getu til að halda utan um alla þræði sögugerðar og því vantar stundum endi á sögurnar eða skipulagi textans er ábótavant þannig að lesandi skilur ekki söguþráðinn. Þá er talað um gloppur í sögubyggingunni eða upplýsingagöt. Með auknum vitsmunafroska og samskiptafærni eykst færnin og flest börn ættu að hafa náð grunntökum á sögubyggingu við 7 til 9 ára aldur. Frekari fágun á forminu á þó eftir að eiga sér stað og má merkja framfarir á því sviði allt fram á fullorðinsár (Rannveig Oddsdóttir o. fl. 2013.)

Í sögum er atburði eða atburðum sem hafa ákveðna tímaframvindu lýst. Frásögn fylgir þess vegna tímalínu þar sem eitt leiðir af öðru. Vanir rithöfundar leika sér stundum að því að fylgja ekki tímalínu og flakka

fram og aftur í tíma en ekki er ætlast til að grunnskólanemar hafi til-einkað sér þá færni.

Ris sögu má útskýra sem hápunkt hennar. Atriði í sögunni leiða smám saman að ákveðnum skilum í atburðarásinni og við tekur lausn sögunnar eða niðurlag. Þar er sagt frá afdrifum sögupersóna og gengið frá lausum endum. Stundum er lesandinn skilinn eftir í lausu lofti og hann þarf sjálfur að ímynda sér málalok. Þetta á gjarnan við um smásögur.

Fræðitextar

Fræðitexti hefur það meginhlutverk að koma upplýsingum eða fróðleik um afmarkað viðfangsefni til skila. Viðfangsefnið getur til dæmis verið dýrategund, einstaklingur, staður eða viðburður. Leitast er við að skilgreina mismunandi þætti viðfangsefnis og lýsa tengslum á milli þessara þátta og hvaða áhrif þeir hafa. Hefðbundin uppsetning fræðitexta byggist á inngangi, meginmáli og lokaorðum.

Framvindurammi fyrir fræðitexta

FRÆÐITEXTI						
Undirþættir	Þrep 1 1.–2. bekkur	Þrep 2 2.–3. bekkur	Þrep 3 3.–4. bekkur	Þrep 4 5.–6. bekkur	Þrep 5 7.–8. bekkur	Þrep 6 9.–10. bekkur
Fyrirsögn	Fyrirsögn er á textanum.	Lýsandi fyrirsögn er á textanum.		Lýsandi fyrirsögn er á textanum og tilraun er gerð til að vekja áhuga lesenda.		
Inngangur				Viðfangsefni er kynnt í inngangi.		
Meginmál	Texti inniheldur upplýsingar um viðfangsefni.	Upplýsingar í texta gefa góða mynd af viðfangsefni.		Upplýsingar eru í samræmi við heimildir og gefa góða mynd af viðfangsefni.	Upplýsingar eru fengnar úr fjölbreyttum og öruggum heimildum og gefa góða mynd af viðfangsefni.	
Lokaorð				Samantekt á meginmáli er í lok texta.	Samantekt á meginmáli er í lok texta auk þess sem viðfangsefni er vikkað út aftur.	
Heimilda-skráning				Tilvísanir og/eða heimilda-skráning eru notaðar.	Tilvísanir í heimildir í texta og heimildaskráning er rétt.	

Fyrirsögn

Fyrirsögn texta gegnir því hlutverki að auðvelda lesanda að fá yfirsýn yfir efni textans og að vekja áhuga hans á innihaldinu. Fyrirsagnir þurfa því að endurspeгла innihaldið og vera áhugaverðar svo þær grípi athygli lesenda. Dæmi: Ský eru alls konar, Áhættusamt líf fyrr á öldum, Ólík lífsgæði fólks í Asíu.

Ef fyrirsögn uppfyllir ekki þessi skilyrði má nota undirfyrirsögn, sem er höfð með heldur smærra lettri en aðalfyrirsögnin. Undirfyrirsögn er ekki nefnd í matsviðmiði *Ritunarrammans* en ef nemandi notar undirfyrirsögn er hún metin sem hluti af fyrirsögninni. Dæmi: Úti að aka: Umferðarreglur, Afríka: Náttúran og störfín, Eldgos: orsakir og afleiðingar.

Inngangur

Þótt fyrirsögn gefi umfjöllunarefni texta til kynna er ætlast til að höfundur kynni það formlega í upphafi skrifanna. Hjá byrjendum og nemendum stutt á veg komnir (á 1. og 2. þrepi) er ekki gerð krafa um formlega kynningu á umfjöllunarefni utan þess að fyrirsögn gefi vísbendingar um það. Hjá nemendum sem eru lengra á veg komnir (4. þrepi eða ofar) er ætlast til að umfjöllunarefni sé kynnt í fyrstu efnisgrein texta.

Auk þess að kynna viðfangsefni textans er innganginum ætlað að vekja áhuga lesenda og fá hann til að vilja lesa áfram. Nokkrar þekktar leiðir eru hvað þetta varðar og má þá helst nefna:

- Spurningu velt upp fyrir lesandann að íhuga.
- Tilvitnun sem tengist viðfangsefni textans.
- Áhugaverð staðreynd um viðfangsefnið sett fram.

Lýsing

Lengd inngangs getur verið allt frá einni málsgrein til nokkurra efnisgreina. Stutt skrif hafa gjarnan stuttan inngang en langur texti langan inngang.

Meginmál

Aðalefni textans er undir meginmáli og þar er viðfangsefninu gerð skil og heimildir notaðar. Upplýsingar um viðfangsefni textans þurfa að vera skýrar og gefa góða mynd af umfjöllunarefni. Viðfangsefni textans eru gjarnan nokkur en tengjast yfirleitt einu meginviðfangsefni. Sem dæmi mætti nefna íslenska hestinn sem meginviðfangsefni og þar undir væri umfjöllun um útlit hans, gangtegundir og sögu hans. Umfjöllun um hvern þessara þátta er þá best fyrirkomið í afmörkuðum efnisgreinum þar sem lykilsetning fremst í hverri efnisgrein segir til um viðfangsefni hennar.

Vel getur reynst að gefa dæmi til að útskýra betur ákveðna hluti eða að útskýra sérhæfðan orðaforða viðfangsefnis, til að tryggja sé að upplýsingar komist til skila. Sem dæmi um þetta mætti nefna útskýringu

á nöfnum karldýra, kvendýra og afkvæmi hestsins. Eins getur hjálpað að láta skýringarmynd eða myndrit fylgja textanum, þótt slíkt sé ekki metið í þessum ramma.

Lokaorð

Lokaorð gegna því hlutverki að draga saman aðalatriði meginmáls í stuttu máli og setja formlegan endi á textann. Hjá byrjendum og nemendum sem eru stutt á veg komnir (á 1.–3. þrepi) er ekki gerð krafa um formleg lokaorð. Í lokaorðum, frá 4. þrepi, er ætlast til að efni meginmáls sé dregið saman í stuttu máli með nýju orðalagi. Fyrir þá nemendur sem eru lengst komnir, á þrepi 6, er jafnframt ætlast til að þeir útvíkki umfjöllunarefnið, t.d. með spurningum eða með því að setja fram vangaveltur um efnið.

Heimildaskráning

Hjá eldri nemendum er gerð krafa um að upplýsingar í textanum séu byggðar á staðreyndum og heimildir notaðar til að sýna fram á sannleiksgildið. Eftir því sem nemendur þjálfast í heimildaritun er ætlast til að fleiri en ein heimild sé nýtt við skrifin. Einnig er ætlast til að nemendur kunni að nýta heimildir og skrá þær og tilvísanir á réttan hátt.

Rökfærslutextar

Rökfærslutexti hefur það meginmarkmið að setja fram sjónarmið, hugmynd eða staðhæfingu og sannfæra lesendur með rök-
semdum og dæmum. Hefðbundin uppsetning rökfærslutexta byggist á inngangi, meginmáli og lokaorðum.

Framvindurammi fyrir rökfærslutexta

RÖKFÆRSLUTEXTI						
Undirþættir	Prep 1 1.–2. bekkur	Prep 2 2.–3. bekkur	Prep 3 3.–4. bekkur	Prep 4 5.–6. bekkur	Prep 5 7.–8. bekkur	Prep 6 9.–10. bekkur
Fyrirsögn	Fyrirsögn er á textanum.	Lýsandi fyrirögn er á textanum.		Lýsandi fyrirögn er á textanum og tilraun er gerð til að vekja áhuga lesenda.		
Inngangur				Persónuleg skoðun eða afstaða höfundar er sett fram á skýran hátt í inngangi.		
Meginmál	Persónuleg skoðun eða afstaða höfundar kemur fram.			Þrjár eða fleiri ástæður og/eða dæmi eru gefin sem rökstuðningur fyrir skoðun/afstöðu.		
	A.m.k. ein ástæða er nefnd eða eitt dæmi gefið sem rökstuðningur fyrir skoðun/afstöðu.	A.m.k. tvær ástæður eða dæmi eru gefin sem rökstuðningur fyrir skoðun/afstöðu.		Rökstuðningur er nákvæmur.	Rökstuðningur er nákvæmur og byggður á staðreyndum, tölfræði og/eða tilvitnunum.	
Lokaorð				Samantekt á meginmáli er í lok texta.		Samantekt á meginmáli er í lok texta og bent er á lausn eða kallað eftir aðgerðum.

Fyrirsögn

Fyrirsögn á annars vegar að gefa lesanda hugmynd um efni textans og hins vegar að vekja áhuga lesenda á honum. Hún þarf að gefa hugmynd um skoðun höfundar á viðfangsefni og vera áhugaverð svo viðtakendur vilji lesa lengra. Margar leiðir eru færar til að vekja áhuga viðtakenda, til dæmis staðhæfingar eða annað sem talið er að viðtakendur taki eftir, hafi gaman af eða jafnvel hrökkvi í kút yfir; *Hafragrautur er ekki hollur, Skólabúningar skaðlegir og Frímínútur aflagðar!*

Ef höfundur nær ekki að uppfylla ofantalin skilyrði í einfaldri fyrirsögn getur hann jafnframt ákveðið að nota undirfyrirsögn, sem er höfð með heldur smærra lettri en aðalfyrirsögnin. Undirfyrirsögn er ekki nefnd í matsviðmiði *Ritunarrammans* en ef nemandi notar undirfyrirsögn er hún metin sem hluti af fyrirsögninni.

Inngangur

Hjá byrjendum og nemendum sem eru stutt á veg komnir (á þrepum 1–3) er ekki gerð krafa um inngang eða formlega kynningu á umfjöllunarefni utan þess að fyrirsögn gefi vísbendingar um það. Hjá nemendum á 4. þrepi og ofar er ætlast til þess að höfundur kynni umfjöllunarefni texta í inngangi þótt fyrirsögn geri það að einhverju leyti. Kynningin þarf að fela í sér lágmarksbakgrunnsupplýsingar um umfjöllunarefnið og skoðun höfundar á því. Auk þess er innganginum ætlað að vekja

áhuga lesenda og fá hann til að vilja lesa áfram. Margar leiðir eru þekktar til að vekja áhuga lesenda og má nefna:

- Spurningu velt upp fyrir lesandann að íhuga: *Hefur þú velt fyrir þér hvað...?*
- Spurt án þess að búast við svari: *Hvers vegna ættum við að gera það? Við sem ...*
- Tilvitnun sem tengist viðfangsefni textans: *Breskur skóli hefur bannað ...*
- Áhugaverð staðreynd um viðfangsefnið sett fram: *Íslendingar fá 26% af ráðlögum járnskammti úr morgunkorni.*

Lengd inngangs getur verið allt frá einni málsgrein til nokkurra efnisgreina. Styttri skrif hafa almennt styttri inngang en lengri skrif.

Meginmál

Í meginmáli gerir höfundur grein fyrir skoðun sinni og gefur ástæður eða dæmi sem sýna hvers vegna hann er á þessari skoðun. Hjá byrjendum er einungis gerð krafa um eina ástæðu eða eitt dæmi en ætlast er til að eldri nemendur séu með fleiri. Útskýra þarf vel hverja ástæðu eða hvert dæmi en ekki er krafist heimilda svo meðferð sannleikans er ekki alltaf í hávegum höfð við ritun rökfærslutexta. Dæmi um þetta eru ýkjur, skoðun breytt í sannleika og staðhæfingar sem ekki eiga við rök að styðjast.

Ætlast er til að nemendur lengra á veg komnir (á 4.–6. þrepi) séu með nákvæman rökstuðning og þeir sem lengst eru komnir (á þrepi 6) byggja rökstuðning sinn á staðreyndum, tölfræði eða tilvitnunum. Þegar rökstuðningur er byggður á staðreyndum er jafnframt ætlast til að nemendur noti sannar heimildir og réttar tilvitnanir.

Lokaorð

Hjá byrjendum og nemendum sem eru stutt á veg komnir (á 1.–3. þrepi) er ekki gerð krafa um formleg lokaorð. Í lokaorðum, frá 4. þrepi, er ætlast til að skoðun höfundar sé endurtekin og rökin dregin saman í stuttu máli með nýju orðalagi. Eins er ætlast til að bent sé á lausn eða kallað eftir aðgerðum í lokaorðum. Dæmi: „Erum við tilbúin að taka þau nauðsynlegu skref sem þarf til að verða sjálfbær eða munum við halda áfram að treysta á úrehtar aðferðir sem skaða plánetuna okkar?“

Málnotkun

Segja má að málnotkun sé sá þáttur ritunar sem hvað flóknast getur verið að kenna, sá þáttur sem gerir mestar kröfur til nemenda og tekur þá lengstan tíma að ná tökum á. Málnotkun er jafnframt sá þáttur ritunar sem gefur ritverki hvað mestan lit, höfundu rödd og getur ráðið úrslitum hvort vel tekst til eða ekki.

Rætur áhugaverðrar og fjölbreyttrar málnotkunar barna liggja í góðum málskilningi og reynslu þeirra af ritmáli, í gegnum lestur og rýni í fjölbreytt efni og síðar meir nægum tækifærum til ritunar. Væganesti nemenda getur verið nokkuð misjafnt og því þarf að gera ráð fyrir að mæta þeim með því að kenna og þjálfmarkvisst atriði sem snúa að góðri og áhugaverðri málnotkun.

Þar sem hver textategund hefur sín séreinkenni er málnotkunin útfærð í þremur römmum. Viðmiðin eru að hluta til þau sömu í öllum römmum en í viðmiðunum um orðaval og stílbrögð er reynt að draga fram hvað það er sem einkennir málnotkun hverrar textategundar fyrir sig.

Framvindurammi fyrir málnotkun

MÁLNOTKUN Í SÖGUGERÐ						
Undirþættir	Þrep 1 1.–2. bekkur	Þrep 2 2.–3. bekkur	Þrep 3 3.–4. bekkur	Þrep 4 5.–6. bekkur	Þrep 5 7.–8. bekkur	Þrep 6 9.–10. bekkur
Málfar	Málfar er gott og í samræmi við reglur málfræðinnar.					
Viðfangsefni Tilgangur Viðtakandi		Nauðsynlegar upplýsingar eru veittar til að viðtakandi geti fylgt eftir söguþræði og efni texta.				
			Málsnið tekur mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda.			
				Samræmi er í notkun sjónarhorns innan frásagnar.		
				Notkun tíðar í frásögn er rétt.		
Orðaval			Orðaval er fjölbreytt sem felur meðal annars í sér notkun lýsingarorða og lýsandi samheita sagnorða og nafnorða.		Orðaval er fjölbreytt og áhrifaríkt sem felur t.d. í sér notkun lýsingarorða og lýsandi samheita sagnorða og nafnorða, notkun fastra orðasambanda og/eða orðatil-tækja.	
Stílbrögð					Áhuga viðtakanda er viðhaldið, t.d. með því að byggja upp spennu, beita mismunandi málsniði fyrir sögupersónur, taka afstöðu til hegðunar sögupersóna og atburða og/eða með notkun stílbragða.	

MÁLNOTKUN Í FRÆÐITEXTA						
Undirþættir	Þrep 1 1.–2. bekkur	Þrep 2 2.–3. bekkur	Þrep 3 3.–4. bekkur	Þrep 4 5.–6. bekkur	Þrep 5 7.–8. bekkur	Þrep 6 9.–10. bekkur
Málfar	Málfar er gott og í samræmi við reglur málfræðinnar.					
Viðfangsefni Tilgangur Viðtakandi		Nauðsynlegar upplýsingar eru veittar til að viðtakandi geti fylgt eftir söguþræði og efni texta.				
			Málsnið tekur mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda.			
			Samræmi er í notkun tíðar innan texta.			
				Áhuga viðtakanda er viðhaldið t.d. með greinargóðum útskýringum og áhugaverðum dæmum.		
Orðaval			Orðaval er hlutlaust og laust við gildishlaðin orð.		Orðaval er lýsandi, hlutlaust, laust við gildishlaðin orð og endurtekningar.	

MÁLNOTKUN Í RÖKFAERSLUTEXTA						
Undirþættir	Þrep 1 1.–2. bekkur	Þrep 2 2.–3. bekkur	Þrep 3 3.–4. bekkur	Þrep 4 5.–6. bekkur	Þrep 5 7.–8. bekkur	Þrep 6 9.–10. bekkur
Málfar	Málfar er gott og í samræmi við reglur málfræðinnar.					
Viðfangsefni Tilgangur Viðtakandi			Málsnið tekur mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda.			
			Samræmi er í notkun tíðar innan texta.			
Orðaval			Gildishlaðin nafnorð, sagnorð, lýsingar- og atviksorð eru notuð til að vekja tilfinningaleg viðbrögð hjá viðtakanda.		Gildishlaðin nafnorð, sagnorð, lýsingar- og atviksorð, ásamt t.d. föstum orðasamböndum og orðatiltækjum, eru notuð til að gera textann áhugaverðan og vekja tilfinningaleg viðbrögð hjá viðtakanda.	
Stílbrogð				Áhuga viðtakanda er viðhaldið t.d. með beinu ávarpi, hómor og/eða notkun málamynda-spurninga.	Áhuga viðtakanda er viðhaldið, t.d. með því að höfundur gefur sér afstöðu hans, breytir skoðun í sannleika, ýjar að hlutum sem ekki eiga við rök að styðjast og/eða notar stílbrogð eins og ýkjur, kaldhæðni eða háð.	

Málfar

Málproski, máltilfinning og reynsla barnsins af ritmáli hefur mikil áhrif á málfar og málnotkun þess. Þar sem málfar getur verið mjög einstaklingsbundið, og þau atriði sem liggja til grundvallar góðu málfari mörg, reyndist erfitt að setja fram viðmið um málfar eða málfræðilekkingu á tiltekin þrep. Því var brugðið á það ráð að hafa aðeins eitt almennt viðmið sem minnir á mikilvægi góðs málfars. Það er síðan á hendi kennara að þoka nemendum sínum sífellt í áttina að því að beita málinu á skýran og skapandi hátt með formlegri og óformlegri leiðsögn um hvað telst vera gott mál eða áhugaverð málnotkun.

Gott mál er það sem telst vera í samræmi við reglur málfræðinnar og málvenju. Kennarar ættu alltaf að leggja áherslu á að nemendur vandi málfar sitt bæði í ræðu og riti af virðingu við eigið tungumál og viðtakanda hverju sinni.

Viðfangsefni, tilgangur og viðtakandi

Viðfangsefni, tilgangur og viðtakandi ráða bæði innri og ytri formgerð texta og því er skilningur nemenda á þessum atriðum mjög mikilvægur. Innri formgerð texta snýr t.d. að einkennum og uppbyggingu textategundar og sú ytri að forminu sem getur verið ritgerð, blaðagrein, auglýsing eða leiðbeiningar. Þannig þarf höfundur að átta sig vel á viðfangsefninu, tilgangi og hverjir viðtakendur eru áður en hafist er handa við ritun texta.

Framangreind atriði þurfa að liggja til grundvallar nálgun höfundar á verkefninu strax frá upphafi (Sedita, 2023, bls. 90). Nemendur þurfa snemma að fá leiðsögn og þjálfun í að hafa þau í huga við skrif sín, í takt við aldur og færni. Eftirfarandi spurningar geta hjálpað nemendum að átta sig betur á því hvað hvert atriði felur í sér:

VTV SPURNINGAR		
VIÐFANGSEFNI	TILGANGUR	VIÐTAKANDI
- Hvert er verkefnið? - Hvað á að skrifa? - Hvaða birtingarform á verkið að taka á sig (ritgerð, blaðagrein o.s.frv.)?	- Hvaða tilgangi á ritverkið að þjóna? - Á það að veita upplýsingar, sannfæra einhvern eða segja sögu? - Hvernig geta viðtakendur áttað sig á tilgangi ritverksins?	- Hverjir eru viðtakendur? - Er það kennarinn, bekkjarfélagar eða eru það raunverulegir viðtakendur, t.d. utan skólans? - Hverjir munu lesa ritverkið?

Nauðsynlegar upplýsingar

Í rammanum er gert ráð fyrir að í fyrstu sé eingöngu hugað að því að viðtakandinn sé ekki skilinn eftir í óvissu þar sem ungum höfundum hættir til að gera ráð fyrir því að lesandinn hafi sömu vitneskju og þeir sjálfir. Hér er t.d. átt við að söguþráður í frásögn sé rökréttur og skýr og að einfaldar en fullnægjandi skýringar eða röksemdir fylgi þegar um fræði- eða rökfærslutexta er að ræða. Það er einna helst hjá ungum nemendum sem upplýsingar getur vantað þar sem sjónarhorn frásagnar er mjög oft bundið við þá sjálfa. Eins geta þeir gleymt sér ef þeir skrifa fræðitexta um eigið áhugamál og gera ráð fyrir að aðrir hafi sömu bakgrunnsþekkingu og þeir sjálfir.

Málsnið

Málsnið er sá búningur sem fólk velur í töluðu og rituðu máli út frá aðstæðum hverju sinni eða í samræmi við viðfangsefni, tilgang og viðtakendur. Málsnið getur ýmist verið formlegt, eins og þegar skrifuð er umsókn um starf, eða óformlegt, eins og þegar textaskilaboð eru send á vin. Talað mál er undantekningalítið óformlegra en ritað mál. Til að byrja með gætir oft talmálseinkenna í ritun hjá ungum börnum en eftir því sem barnið skilur betur eðli ritmálsins og öðlast meiri reynslu af því í gegnum lestur, ritun og rýni hverfa talmálseinkennin smám saman, hefðir og venjur ritmálsins verða sýnilegri og málsniðið í betra samræmi við viðfangsefni, tilgang og ætlaða viðtakendur.

Reyndir höfundar kunna að beita mismunandi málsniði á meðvitaðan hátt í verkum sínum, t.d. þegar þeir skrifa samtöl fyrir ólíkar sögupersónur eða vilja markvisst ná fram ákveðnum stíl eða blæbrigðum. Góð leið til að hjálpa nemendum að átta sig á eðli málsniðs er að láta þá skrifa um sama viðfangsefni fyrir viðtakendur á ólíkum aldri eða með ólíkan bakgrunn. Í námsefni í íslensku fyrir mið- og unglingastig má finna góðar útskýringar á því hvað málsnið er.

Sjónarhorn í sögu

Ungir nemendur eru yfirleitt ekki meðvitaðir um val á sjónarhorni þegar þeir setja sögur sínar á blað. Þeim er í fyrstu tamt að nota fyrstu persónu frásögn þar sem sjónarhornið liggur ómeðvitað hjá þeim sjálfum og þar sem frásögnin endurspeglar hvernig þeir sjálfir bæði tala og hugsa. Með auknum lestri verða fleiri frásagnaraðferðir á vegi nemenda en oft lærist þeim ekki að halda sig fyllilega við eina frásagnaraðferð fyrr en þeir hafa lært að greina þær hjá öðrum höfundum á síðari stigum náms. Þegar höfundur velur sér frásagnaraðferð heldur hann sig við hana út í gegnum alla söguna og það þurfa nemendur að læra að gera líka til að lesandinn haldi auðveldlega þræði við lesturinn.

Notkun tíðar

Ungir og óreyndir höfundar geta átt það til að ruglast í notkun tíðar í skrifum sínum. Slíkur ruglingur getur birst í því að frásögn sem byrjar í þátíð breytist án skiljanlegrar ástæðu í nútíð eða nemendur flakka fram og til baka á milli nútíðar og þátíðar innan sömu frásagnar. Önnur dæmi um slík mistök eru þegar nemandinn gleymir sér og notar nútíð í stað þess að skipta yfir í þátíð til að gefa til kynna breytingar í sögutíma. Loks þarf að gæta að samræmi í notkun tíðar þegar samtöl eru skrifuð þar sem verið er að vísa til liðinna atburða eða þess sem á að gerast í framtíðinni. Samræmi í notkun tíðar er nauðsynlegt til að framvinda sögunnar sé rökrétt og skiljanleg og lesandanum gangi vel að halda þræði við lesturinn.

Þrátt fyrir að það reyni e.t.v. mest á samræmi í notkun tíðar við sögu-skrif þarf einnig að gæta að þessu samræmi við ritun fræði- og rök-færslutexta. Þessir textar eru að stórum hluta skrifaðir í nútíð þar sem þeir lýsa fyrirbæri eða skoðun. Þó þarf oft að grípa til þátíðar þegar vísað er í liðna atburði eða sögulegar staðreyndir. Hér gildir fyrst og fremst að gæta rökréttis samræmis við notkun tíðar svo lesandinn geti auðveldlega fylgt eftir efni textans.

Orðaval og stílbrögð

Hver textategund hefur sín séreinkenni sem birtast bæði í uppbyggingu hennar og í málnotkun, og þá sérstaklega í orðavali og beitingu stíl-bragða. Í viðmiðum rammans eru nokkur almenn einkenni dregin fram til að hjálpa bæði kennurum og nemendum að átta sig á sérkennum hverrar textategundar fyrir sig. Orðalag viðmiðanna er ekki tæmandi og tekur alls ekki til allra atriða sem einkennt geta hverja textategund.

Sögugerð

Á þrepum 1 og 2 eru ekki sett inn nein viðmið sem lúta að orðavali eða stílbrögðum óháð textategund. Nemendur á þrepi 1 og 2 eru rétt að ná tökum á grunnþáttum ritunar, eins og að draga til stafs, að stafsetja orð rétt og koma hugsun sinni á blað í samfelldum texta. Þeir geta þó verið misfljótir að ná tökum á grunnatriðunum og því er ekkert sem mælir gegn því að t.d. bráðgerir nemendur séu hvattir til að bæta inn orðum sem lýsa umhverfi eða sögupersónum betur eða að forðast endurtekningar með því að nota samheiti, þrátt fyrir að ekkert slíkt viðmið sé til staðar í rammanum.

Hafi nemendur fengið góða kennslu í undirstöðupáttum ritunar, s.s. skrift og réttritun, og fengið mörg tækifæri til að spreyta sig á sögugerð, má gera ráð fyrir að þeir geti farið að huga að fjölbreyttara og blæbrigðaríkara orðavali við ritun texta á þrepi 3. Notkun blæbrigðaríkra samheita nafnorða (skrjóður, kaggi, drusla), sagnorða (ganga, röltu, rangla), lýsingarorða (sætur, fallegur, fagur) og fjölbreyttra, lýsandi atviksorða getur litað og skreytt frásagnir, skapað ákveðin hughrif og hjálpað höfundum að ná fram markmiðum sínum.

Á þrepum 5 og 6 bætast við atriði eins og notkun fastra orðasambanda eða orðatiltækja en þau búa einnig yfir sérstökum hughrifum sem geta haft áhrif á tón eða yfirbragð texta. Á síðustu tveimur þrepunum er svo að finna viðmið sem snýr að því að viðhalda áhuga lesanda, t.d. með

því að byggja upp spennu eða með notkun stílbragða. Listinn yfir þau er nokkuð langur og því aðeins nokkur dæmi gefin í orðalagi viðmiðsins. Nánar má lesa um stílbrögð í námsefni nemenda á mið- og unglingastigi og í *Hugfinni – handbók um bókmenntahugtök* sem Námsgagnastofnun gaf út á sínum tíma og finna má á námsefnisvef Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu.

Fræðitexti

Fræðitexti er skrifaður í þeim tilgangi að upplýsa lesandann, að greina frá staðreyndum, að koma með dæmi og skýringar sem lýsa fyrirbæri eins vel og hægt er með hlutlægu orðalagi og hlutlausri og rökréttri framsetningu. Orðaval er því skýrt, hlutlaust og laust við gildishlaðin orð sem gefa til kynna afstöðu eða tilfinningar höfundar. Þetta eru skýr einkenni og því nær engar breytingar á stíganda í viðmiðum milli þrepa.

Mikilvægt er nemendur fái þjálfun í að skrifa texta sem á að veita upplýsingar eða er fræðilegs eðlis. Slík verkefni þurfa ekki að vera flókin í fyrstu en leggja þarf áherslu á að nemendur haldi eigin skoðun eða tilfinningum frá í ritverkinu en leitist við að útskýra vel, nákvæmlega og með skipulegum hætti það sem þeir vilja upplýsa lesandann um. Á seinni stigum má gera ráð fyrir að nemendur ráði við ritun flóknari fræðitexta sem byggist á heimildavinnu eins og endurspeglast í ramm-anum um uppbyggingu á fræðitexta. Í þessu samhengi er einnig rétt að benda á að nemendur komast mjög snemma í kynni við fræðitexta enda er stór hluti námsbóka í þeim flokki. Það þarf því ekki að leita langt yfir skammt til að finna texta sem hægt er að skoða, rýna og ræða til að átta sig á því hvernig fræðitexti er byggður upp og hvers konar orðaval einkennir hann.

Rökfærslutexti

Orðaval í rökfærslutexta lýtur að mörgu leyti svipuðum lögmálum og orðaval við ritun sögutexta þar sem höfundur reynir að hreyfa við lesandanum með notkun fjölbreytts orðavals og vekja þannig hjá honum tilfinningaleg viðbrögð. Það er þó gert í aðeins öðrum tilgangi eða til að fá lesandann til að íhuga afstöðu höfundar, að sannfæra og að fá lesandann til að skipta jafnvel um skoðun. Í rökfærslutexta er stílbrögðum eins og ýkjum, kaldhæðni eða háði beitt en einnig atriðum sem falla undir ræðu- eða mælskulist. Þetta eru atriði eins og beint ávarp til lesandans, húnur og notkun málamyndaspurninga, eða að höfundur ögrar með því að gefa sér afstöðu lesandans, breytir skoðun í sannleika eða kemur með aðdróttanir sem eiga ekki við rök að styðjast. Allt miðar þetta að því að hafa áhrif á lesandann og fá hann á sitt band.

Skráning

Í *Ritunarrammanum* eru stafsetning, skrift og notkun lyklaborðs felldar saman undir heitinu Skráning enda snúa öll atriðin að því hvernig texti er skráður (Sedita, 2013, bls. 4). Þetta kann að þykja nokkuð óvenjuleg nálgun en hafa þarf í huga að megintilgangur þess að kenna skrift, innslátt á lyklaborð og stafsetningu er að gera nemendum kleift að rita skiljanlegan texta. Ef nemendur hafa ekki þessa grunnfærni á valdi sínu verður skortur á henni dragbítur á mótun, magn og gæði texta. Það má því ekki vanmeta gildi góðrar færni þegar skráningin er annars vegar.

Framvindurammi fyrir skráningu


SKRÁNING						
Undirþættir	Þrep 1 1.–2. bekkur	Þrep 2 2.–3. bekkur	Þrep 3 3.–4. bekkur	Þrep 4 5.–6. bekkur	Þrep 5 7.–8. bekkur	Þrep 6 9.–10. bekkur
Framburðar- stig	Ritun orða er hljóðrétt og í samræmi við framburð.					
Almennt rithéðarstig	Stór stafur er notaður við ritun sérnafna manna og dýra og við ritun staðarheita.					
		Algeng orð, þar sem framburður og ritháttur fara ekki saman, eru rituð rétt.	Orð, þar sem framburður og ritháttur fara ekki saman, eru rituð rétt þar sem stuðst er við einfaldar rithéðir, s.s. ng/nk og minn/mín reglu, reglur um stóran og lítinn staf og um ritun samsettra orða og orða sem geta hljómað eins og eitt út frá áherslu.			
Orðhlutastig				Samhengi, merking og skyldleiki orða eru notuð til að ákvarða t.d. réttan rithátt samstofna orða, y-ý-ey, g og j og reglum um ritun n og nn í endingum orða er beitt á réttan hátt.		
Setningar- og sértækt rithéðarstig						Stafsetning er rétt skv. almennum og sértækum rithéðum og merking og samhengi nýtt til að ákvarða og rökstyðja réttan rithátt.
Skrift, uppsetning og frágangur	Skrift læsileg þannig að merking texta kemst til skila.			Skrift læsileg og uppsetning og frágangur er í samræmi við fyrirmæli kennara/námskrá skóla.		
Ritvinnsla				Texti er laus við innsláttarvillur, bil innan og milli orða er rétt og uppsetning er í samræmi við fyrirmæli kennara/námskrá skóla.		

Stafsetning

Í *Ritunarrammanum* er gengið út frá því að stafsetningarkennsla sé að takmörkuðu leyti sjálfstætt viðfangsefni í íslenskukennslu heldur kennd og þjálfuð í samhengi við textaritun í öllum námsgreinum. Þannig getur stafsetningarnámið orðið merkingarbærara og átt sinn þátt í því að nemendur tileinki sér réttar ritvenjur fyrir og með varanlegri hætti í vinnu með eigin texta (Alves, Limpo, Salas og Joshi, 2019).

Stafsetningarviðmiðin í rammanum byggjast á sex þrepa líkani um þróun stafsetningar. Með líkaninu gera Baldur Sigurðsson og Steingrímur Þórðarson (1987) tilraun til að lýsa því hvernig börn tileinka sér réttan rithátt orða með reynslu af ritmálinu í gegnum máltöku, lestrarnám og reynslu af því að glíma við ritmálið í gegnum lestur og ritun.

Þróun stafsetningarkunnáttu barna í fimm stigum



Baldur Sigurðsson (e.d.), án ártals.

Ástæðan fyrir því að þetta líkan er lagt til grundvallar matsviðmiðum í stafsetningu í stað þess að festa stafsetningarreglur inn á þrep rammans er sú að *ritháttarvitund* (e. *orthographic knowledge*) verður til á sama hátt og talmálið; með reynslu af ritmáli og fyrirmyndum. Því er nákvæmara að tala um stafsetningartöku (e. *spelling acquisition*) en stafsetningarnám (Baldur Sigurðsson (e.d.)).

Til að koma í veg fyrir að stafsetningarviðmiðin innan *Ritunarrammans* yrðu allt of löng (stafsetningarreglurnar eru yfir 90) er reynt að fanga kjarna hvers stigs fyrir sig með knöppu en skýru orðalagi. Ekki verður komist hjá því að kennarar hafi námsefni og handbækur um stafsetningu við höndina þegar þeir leiðbeina nemendum sínum um réttan rithátt.

Hafa þarf í huga að þroski ritháttarvitundar barna er ekki línulegur og að þau geta verið á fleiri en einu stigi á sama tíma. Stig þróunar stafsetningarkunnáttu barna eru fimm og hér á eftir fer lýsing á einkennum hvers stigs fyrir sig. Í *Ritunarrammanum* eru atriði sem falla undir setninga- og sértækt rithefðarstig felld saman í eitt viðmið.

Framburðarstig

Prep 1 – hljóðrétt ritun orða

Á þessu stigi rita börn orð eins og þau eru borin fram, þ.e.a.s. ritun orða er hljóðrétt og í samræmi við þann framburð sem þau greina í tali. Þar sem ekki er alltaf samræmi á milli ritháttar og framburðar virðast börn gera „villur“. Ef vel er að gáð eru þau í raun að rita orð í samræmi við það sem þau heyra og þekking þeirra á hljóðkerfi tungumálsins leyfir. Ritun eins og *ni* fyrir *enni*, *sgo* fyrir *sko*, *seija* fyrir *segja* og *é* fyrir *ég* eru allt dæmi um hljóðrétt ritun og ættu ekki að teljast sem villur á fyrsta stigi þróunar stafsetningarkunnáttu hjá börnum.

Kennarar sem kenna byrjendum í lestri ættu að vanda sig sérstaklega við innlögn á hljóðlíkum bókstöfum þar sem sumir nemendur geta átt erfitt með að greina hljóðlíka bókstafi í framburði. Þessir hljóðlíku bókstafir eru *b-p*, *d-t*, *f-v*, *g-k* og *þ-ð*. Mikilvægt er að vanda framburð orða sem innihalda þessi hljóð til að auka líkur á að nemendur læri að greina og skrifa þau rétt. Að sama skapi geta nemendur af erlendum uppruna átt í erfiðleikum með að greina blæbrigðamun íslenskra sérhljóða eins og *i-í*, *o-ó* og *u-ú*. Mikilvægt er að fylgjast vel með því hvort nemendur greini muninn og nýti þekkingu sína við ritun.

Langflestir nemendur eru fljótir að tileinka sér réttan rithátt einfaldra orða í gegnum lestur. Rétt er að beina athyglinni að ritun orða sem vefjast fyrir nemendum, útskýra þau og ræða. Þá getur til dæmis verið

mjög gott að leggja strax inn mjög algeng orð eins og *hver*, *mega* og *segja* til að taka af allan vafa um rithátt þeirra og koma í veg fyrir að nemendur temji sér rangan rithátt sem erfitt getur verið að vinda ofan af. Árangursríkasta leiðin er svo að þjálfar lestur og ritun jöfnum höndum daglega.

Almennt rithefðarstig

Þrep 1 og 2 – stór og lítill stafur

Reglur um stóran og lítinn staf eru annars eðlis en reglur sem eru háðar hljóðkerfi tungumálsins, stofni og uppruna orða. Þær eru þó margar og nemendur eru mjög ungir þegar þeir þurfa að hafa skilning á og geta notað þær allra einföldustu. Sérnöfn manna og dýra, heiti staða, mán-
aða og hátíða koma fljótt við sögu í skrifum nemenda og því er rétt að vekja máls á réttitun þessara orða snemma. Rýni í ritunarsýnishorn barna sýnir jafnframt að þetta eru atriði sem þau tileinka sér auðveldlega og því er einfalt viðmið um stóran og lítinn staf sett inn á þrep 1 og 2 í *Ritunarrammanum*. Á þrepi 3 er svo gert ráð fyrir að byrjað verði að fara í flóknari reglur um stóran og lítinn staf. Gagnlegast getur verið að kenna reglu þegar nemendur þurfa á henni að halda en þannig lærist hún best.

Þrep 2 – ritun algengra óhljóðréttra orða

Á þessu stigi eiga börn að hafa áttað sig á því að ritháttur er ekki alltaf í samræmi við framburð einstakra bókstafa, að í ritmálinu gildir ekki einn bókstafur á móti einu hljóði. Þar sem nemendur í 2. og 3. bekk eru enn að ná góðum tókum á undirstöðuatriðum í lestri, skrift og ritun er hér lagt til að kennarar veki athygli nemenda á réttum rithætti orða án þess að kenna beint eða vísa í stafsetningarreglur. Viðmiðið á þrepinu er því nokkuð opið í samanburði við viðmiðið fyrir þrep 3 og 4.

Eins og áður segir getur verið gagnlegt að skoða og ræða saman um rithátt mjög algengra orða þar sem ósamræmi er á milli ritháttar og framburðar. Það getur verið gott að ræða orð sérstaklega sem hafa eftirfarandi einkenni. Listinn er ekki tæmandi:

- Orð með tvöföldum samhljóðum; finnst, skemmtilegt, alltaf, eitthvað og annars.
- Hv-orð (einkum spurnarfornöfn); hvað, hver, hvers vegna og af hverju.
- Orð rituð með -ng og -nk en nemendur eru fljótir að koma auga á misræmið milli ritháttar og framburðar í þessum orðum; lengi, engin/n, ganga, langt og kringum.
- Algeng orð með y-ý og ey; fyrir, yfir, ykkur, fyrst, sýnir, dýr og eyra.
- Orð sem byrja á samhljóðasamböndum; sk-, kr-, brj-, skrj.

Þrep 3 og 4 – misræmi milli ritháttar og framburðar; einfaldar stafsetningarreglur

Eins og sjá má á orðalagi viðmiðsins fyrir þrep 3 og 4 er reiknað með því að kennari geti farið að vísa í og gera kröfu um að ákveðin atriði séu í lagi við ritun texta og að nemendur séu tilbúnir til að ræða um stöðu sína og færni með vísun í einfaldar stafsetningarreglur. Nokkrar algengustu og einföldustu reglurnar eru hafðar með í viðmiðinu til að gefa til kynna hvers konar kunnáttu nemendur ættu að búa yfir á tilteknu aldursbili. En eins og fram kemur á myndinni sem sýnir þróun stafsetningarkunnáttu barna er þróunin ekki línuleg og einstaklingsbundið á hvaða tímapunkti nemendur hafa tileinkað sér einstakar stafsetningarreglur fyllilega.

Orðhlutastig

Íslensk stafsetning byggist í raun aðeins á fjórum meginreglum sem allar aðrar reglur eru byggðar á. Þessar reglur eru framburðarreglan, hefðarreglan, upprunareglan og orðhlutareglan. Af þessum er orðhlutareglan talin sú mikilvægasta en með henni má sjá merkingaleg tengsl milli ólíkra beygingarmynda orða þótt tengslin geti verið óljós vegna hljóðbreytinga. Kjarni hennar er sá að sérhver orðhluti helst stöðugur í stafsetningu þrátt fyrir breytilegan framburð. Orðhluti er minnsta eining í gerð orðs sem hefur ákveðið hlutverk eða merkingu og

skiptast orðhlutar í rót, viðskeyti, forskeyti, stofn og beygingarendingar (Baldur Sigurðsson, 1998; Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, 2018)

Kennsla í rýni orðhluta gerir nokkrar kröfur til þekkingar og útsjónar-semi kennara en ávinningur getur verið mikill fyrir nemendur þegar þeir fá tækifæri til að skoða orð með tilliti til skyldleika og hvernig þau eru sett saman. Rannsóknir sýna að hægt er að efla orðavitund mjög ungra nemenda í gegnum orðmyndunarfræði en skilningur á því hvernig orð myndast er einkar eflandi fyrir orðaforða, lesskilning, réttritun og hæfni nemenda til að skrifa áhugaverðan texta (Henry, 2019). Með skilningi á hlutverki einstakra orðhluta öðlast nemendur jafnframt meira sjálfstæði í vinnubrögðum og komast hjá því að giska á réttan rithátt orða. Skilningur á hlutverki orðhluta nýtist til dæmis þegar:

- Finna þarf fjölda og röð samhljóða í stofni (*rigna-rigndi, gegna-gegndi, syrgja-syrgði*).
- Ákvarða þarf hvort orð sé ritað með *i–y, í–ý* eða *ei–ey* (*sonur–synir, snúa–sný, draumur–dreyma*).
- Ákvarða þarf hvort skrifa á *n* eða *nn* í endingum orða (t.d. minn/mín reglan, Steins-reglan; ritun *n* og *nn* í endi kvk. orða með greini og í endingum lýsingarorða, lýsingarháttar og fornafna).
- Ákvarða þarf hvort rita á *j* eða *g* út frá framburði eða stofni orðs.

Setningar- og sértækt rithefðarstig

Á 6. þrepi stafsetningarinnar er gert ráð fyrir að nemendur hafi náð ágætum tókum á öllum rithefðum sem tilgreindar eru í þrepunum á undan. Á þessu þrepi bætast við atriði sem tilheyra setningar- og sértæku rithefðarstigi en þau eru sett saman í eitt viðmið í rammanum.

Setningarstigið lýsir færni nemenda til að nýta sér skilning sinn á setningarfræðilegri stöðu orðs og samhengi þess í texta til að ákvarða réttan rithátt, t.d. *Ósk á eina ósk* – merkingu komið til skila með réttri notkun á hástaf og lágstaf. Undir sértæka rithefðarstigið falla rithefðir sem ekki verða skýrðar með vísun í framburð eða merkingu tungumálsins. Þetta geta verið bæði einföld atriði eins og að muna að skrifa tvö **r** í annar**ra** eða flóknari atriði sem snúa að kyni lýsingarháttar (*hundur**inn** var bor**inn** í bælið eða kisa**n** var bor**in** í bælið*). Þessi flokkur er nokkuð stór og undir hann falla atriði sem læra þarf utanbókar, leggja á minnið eða nýta sér uppsláttarrit og önnur gögn til að tryggja réttan rithátt.

Skript, uppsetning og frágangur

Skriptin er einn af lykilþáttum góðrar ritunarhæfni. Á fyrstu þrepum ritunarnáms þarf að tryggja að nemendur fái góða skriftarkennslu og næg tækifæri til þjálfunar þar til skriptin er orðin læsileg og nægilega sjálfvirk svo hún nýtist til miðlunar. Skript sem tekur ekki orku frá öðrum mikilvægum þáttum ritunarferlisins gerir nemendum kleift að einbeita sér að mótun hugmynda, láta textann flæða og huga að flóknari þáttum eins og uppbyggingu texta og málnotkun.

Í *Ritunarrammanum* eru viðmiðin um skrift mjög almenn og lúta að því sem kennari getur metið þegar hann er með stakt ritverk nemanda fyrir framan sig. Hjá yngri börnum er lögð áhersla á að þau skrifi læsilega svo merking textans komist skýrt til skila en ekki eru gerðar sérstakar kröfur um uppsetningu eða frágang fyrr en á miðstigi. Líklegt er að þá séu mörg börn þegar farin að þjálfast í notkun ritvinnsluforrita eða nota aðra stafræna tækni við ritun og ekki ósennilegt að matsviðmið um skrift, uppsetningu og frágang á skriflegum verkefnum eigi sjaldnar við. Engu að síður er mikilvægt að kröfur um uppsetningu og frágang séu samræmdar milli kennara eða innan skóla til að einfalda kennslu og rugla nemendur ekki í ríminu.

Í *Handbók um skriftarkennslu* (Guðbjörg R. Þórisdóttir og Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir, 2025) er fjallað ítarlega um kennslufræði skriftar og efninu fylgja einnig matsrammar til að meta læsileika skriftar. Matsviðmiðin þar skýra vel hvað átt er við með „læsilegri skrift“ í viðmiði *Ritunarrammans*. Geta kennarar nýtt sér þau þegar þeir ákvarða hvort „skrift sé læsileg og merking texta kemst til skila“ í *Ritunarrammanum*. Skriftarkennslu þarf að sinna vel og þegar fram líða stundir þarf að tryggja nemendum tækifæri til að ná góðum tökum á notkun lykklaborðs til að auðvelda þeim textagerð.

Ritvinnsla

Kennarar kunna að spyrja sig að því hvers vegna viðmið fyrir ritvinnslu eða notkun lykklaborðs eru ekki sett inn fyrir í *Ritunarrammanum*. Fyrirkomulagið sem er kynnt í rammanum er ekki meitlað í stein en mikilvægt er að hafa a.m.k. tvennt í huga. Í fyrsta lagi getur það tekið ung börn nokkur ár að ná tökum á skriftarfimi, þ.e. réttum og öruggum stafdrætti og góðri sjálfvirkni við skrift. Rannsóknir sýna að börn sem hafa náð góðum tökum á undirstöðuatriðum í lestri og ritun eru fljótari en önnur að ná tökum á lykklaborði (Stevenson og Just, 2012). Önnur ástæða er sú að það þjónar litlum tilgangi að þjálfva börn í notkun lykklaborðs ef færinni er ekki beitt á merkingarbær viðfangsefni í námi og hún hluti af daglegu skólastarfi sem gerist oft ekki fyrir en á efri stigum náms. Kennsla og þjálfun í notkun lykklaborðs þarf því að fá svigrúm í

stundatöflu, alveg eins og skriftin, eða þar til nemendur hafa náð góðum tökum á öruggum og sjálfvirkum innslætti á lykklaborð og færni í ritvinnslu.

Það getur verið snúið að setja inn viðmið um ásættanlegan fjölda villna fyrir nemendur sem fá umsögnina „þarfnast þjálfunar“ eða „á góðri leið“. Þar getur skipt máli hvort um drög eða lokaafurð er að ræða eða hversu langur textinn er. Þetta verður kennari að meta en eðlilegt er að leggja áherslu á að lokaafurðin verði villulaus þar sem ritvinnsluforrit bjóða bæði upp á yfirlestur á stafsetningu og að sýna falin sniðtákn, s.s. efnisgreinarmerki og fjölda bila milli orða.

Niðurlag

Ritunarrammanum er ætlað að aðstoða kennara og nemendur að öðlast yfirsýn yfir þá lykilþætti sem leggja grunninn að góðri ritunarfærni. Honum er einnig ætlað að veita leiðsögn í ritunarkennslu og ritunarnámi og aðstoða við mat á ritun í anda leiðsagnarnáms.

Efnisþættir góðrar ritunarfærni eru margir. Þá þarf að flétta þannig saman að úr verði ein heild. Því getur kennsla og nám í ritun verið flókið viðfangsefni sem þarf mjög gott svigrúm í kennslu, ekki aðeins í námsgreininni íslensku heldur í öllum bóklegum greinum. Nemendur þurfa að fá mörg tækifæri til að þjálfra ritun í margvíslegum tilgangi, læra inn á einkenni textategunda, skrifa texta á fjölbreyttu formi og æfa sig að skrifa skemmtilegan og áhugaverðan texta sem fangar athygli lesandans.

Fyrsta skrefið í notkun *Ritunarrammans* er kynna sér efni þessarar handbókar vel áður en ramminn er tekinn í notkun. Lesturinn kann að virðast tímafrekur í fyrstu og ný hugtök mörg en þau lærast og eru mikilvægt innlegg í faglega ritunarkennslu. Því eru notendur *Ritunarrammans* hvattir til að hafa handbókina við höndina og tileinka sér efni hennar smám saman. Við það eykst færnin í notkun rammans.

Heimildaskrá

Alves, R. A., Limpo, T., Salas, N. og Joshi, R. M. (2019). Handwriting and Spelling. Í S. Graham, C. A. MacArthur og M. Hebert (ritstj.), *Best practices in writing instruction* (3. útg.), (bls. 211-239). Guilford.

Baldur Sigurðsson. (e.d.). *Þróun stafsetningar*. Lesvefurinn. <https://lesvefurinn.hi.is/node/180>

Baldur Sigurðsson. (1998). Orðhlutaleið í stafsetningarkennslu. Í Baldur Sigurðsson og Sigurður Konráðsson (ritstj.), *Greinar af sama meidi* (bls. 95-120). Rannsóknarstofnun Kennaraháskólans.

Baldur Sigurðsson og Steingrímur Þórðarson. (1987). *Hvernig geta börn lært stafsetningu? Íslenskt mál og almenn málfræði*, 9(1), 7–22.

Education Northwest. (mars 2021). *6+1 trait writing rubrics for K-2: Model of instruction and assessment*. <https://educationnorthwest.org/sites/default/files/resources/traits-rubrics-k-2.pdf>

Education Northwest. (mars 2021). *6+1 trait writing rubrics. Grades 3–12: Model of instruction and assessment*. <https://educationnorthwest.org/sites/default/files/resources/traits-rubrics-3-12.pdf>

Guðbjörg R. Þórisdóttir og Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir. (2025). *Skrift – handbók kennara*. Miðstöð menntunar og skólapijónustu.

Henry, M. K. (2019). Morphemes matter: A framework for instruction. *Perspectives on Language and Literacy*, 45(2), 23–26. <https://www.proquest.com/scholarly-journals/morphemes-matter-framework-instruction/docview/2230833742/se-2>

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla*. <https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola>

Mennta og barnamálaráðuneyti. (Án dagsetningar). *Leiðsagnarnám*. Aðalnámskrá. <https://adalnamskra.is/greinar/leidsagnarmat>

Nanna Kr. Christiansen. (2021). *Leiðsagnarnám: Hvers vegna, hvernig og hvað?* Höfundur.

The Australian Curriculum, Assessment and Reporting Authority (ACARA). (2010). *National Assessment Program – Literacy and Numeracy: Writing - Narrative marking guide*. https://www.nap.edu.au/_resources/2010_marking_guide.pdf

The Common Core State Standards Initiative (CCSS Initiative). (2010). *English language arts standards*. <https://www.corestandards.org/ELA-Literacy/>

NTNU – Skrivesenteret. (2017). Skriveprøven 2017: Vurderingshåndbok. <https://skrivesenteret.no/prosjekt/skriveproven-for-5-og-8-trinn/>

Rannveig Oddsdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Freyja Birgisdóttir. (2013). Þróun textaritunar í fyrstu bekkjum grunnskóla: Frásagnir og upplýsingatextar barna í 2.–4. bekk. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérít 2013 – Rannsóknir og skólastarf*. https://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/007.pdf

Sedita, Joan. (2023). *The Writing rope: A framework for explicit writing instruction in all subjects*. Paul H. Brookes Publishing Company.

Sedita, Joan. (2024). *Writing instruction scope & sequence. Keys to Literacy*. <https://keystoliteracy.com/blog/writing-instruction-scope-sequence/>

Stevenson, N. C. og Just, C. (2012). In early education, why teach handwriting before keyboarding? *Early Childhood Education Journal*, 42, 49–56. <https://link.springer.com/article/10.1007/s10643-012-0565-2>

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. (2018). *Finnbjörg: Lítil bók um málfræði og stafsetningu*. Menntamálastofnun. <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/Finnbjorg/>

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. (2011). *Hugfinnur – handbók um bókmenntahugtök*. Menntamálastofnun. <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/hugfinnur/>

Wilson, R. (2015). *The Oxford writing criterion scale: Assess writing, identify next steps, track progress*. Oxford University Press.

Þórunn Blöndal. (2017). *Orðræðugreining*. Málsgreinar. <https://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=710>



Miðstöð menntunar
og skólajónustu
40768